

Lóðir fyrir litlar íbúðir, samantekt sviðsstjóra:

Þann 28. janúar bókaði Skipulags- og byggingarráð:

„Bæjarráð samþykkti 16.01.14 að Hafnarfjarðarbær leiti leiða til að tryggja megi framboð af hagkvæmu og öruggu húsnæði til leigu eða kaups fyrir núverandi og næstu kynslóðir ungs fólks í samræmi við skýrslu samráðshóps um mótun nýrrar húsnæðisstefnu. Jafnframt fól bæjarráð Skipulags- og byggingarráði að leggja fram tillögur um lóðir sem taldar eru henta sérstaklega til uppbyggingar minni og hagkvæmari leiguíbúða. Lögð fram tillaga sviðsstjóra að lóðum.

Skipulags- og byggingarráð bendir á að nú þegar eru í byggingu talsverður fjöldi íbúða sem falla myndu innan skilgreiningar þessa verkefnis. Sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs er falið að ganga frá lista í samræmi við umræður á fundinum og senda til bæjarráðs.“

Samantekt sviðsstjóra yfir íbúðir á mismunandi stigi.

a) Þegar í byggingu eru litlar íbúðir að Bjarkavöllum 1.

b) Íbúðir í bígerð: Einkaaðilar áforma að byggja litlar íbúðir að Strandgötu 26-30 og Strandgötu 31-33. Þessar hugmyndir eru mislangt komnar en líklegt er að uppbygging hefjist á næstu misserum.

c) Lóðir sem bærinn hefur nú þegar til ráðstöfunar, samtals 130 íbúðir:

Kirkjuvellir 12: 15 íbúðir. Í deiliskipulagi eru þær skilgreindar sem þjónustuíbúðir, en þeirri skilgreiningu má breyta.

Einivellir 3: 50 íbúðir. Í deiliskipulagi er þar enn hjúkrunarheimili og þarf að breyta deiliskipulagi.

Skarðshlíð, íbúðir án bílakjallara: Apalskarð 5, Apalskarð 6, Apalskarð 7, Apalskarð 8, Apalskarð 10, Bergskarð 5, Bergskarð 7, Samtals 65 íbúðir. (Bæta þarf inn í sma texta vardandi sveigjanlegar stærðir og bílakjallara)

d) Frekari uppbygging: Hér má nefna að áformað er að breyta hluta athafnasvæðisins við Reykjavíkurveg-Flatahraun í íbúðarsvæði, og nefna má lóðina Herjólfsgötu 36-40, en þær hugmyndir eru styttra á veg komnar.

29.01.14 BJ